

**Mál nr. 265/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fiskvinnslufyrirtækis.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns í fiskvinnslufyrirtæki þann 28.2.1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3.11.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1096/1999.
3. Fimm lögregluskýrslur og ein upplýsingaskýrsla frá lögreglu.
4. Skýrsla málskotsaðila, dags. 22.11.1998.
5. Tjónstilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 30.11.1998.
6. Tjónstilkynning M til X, dags. 22.12.1998.
7. Vottorð um veður, dags. 25.11.1999.
8. Læknisvottorð, dags. 25.3.1999, ásamt teikningum og ljósmyndum.
9. Bréf H hrl., dags. 26.8.1999.
10. Bréf X, dags. 9.3., 22.9., 14.10. og 15.11.1999.

**Málsatvik.**

Þann 28. febrúar 1998 um kl. 9 að morgni var M við störf í fiskverkunarhúsi F í Keflavík. Hún var að ganga eftir gólfi móttökusalnar í norðurenda hússins, er hún rann til á gólfinu án þess þó að detta. Við það fékk hún slink á bakið. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var hitastig á Keflavíkurfluvelli kl. 9 umræddan morgun  $-10,4^{\circ}\text{C}$  og 4 vindstig.

M kvaðst hafa verið að ganga eftir gólfinu án þess að bera nokkuð í fanginu. Hún hafi verið á góðum stígvélum með stömum og gripgóðum sólum. Hafi hún ekki vitað fyrir til en hún hafi runnið til á gólfinu þannig að hún var nærri dottin aftur fyrir sig, en náð að standa á fótunum. Hún kvað ísingu hafa reynst vera gólfinu, sem hún hafði ekki áttað sig á. Ísingin hafi verið þannig að ekki hafi verið hægt að sjá hana og ekki gott að átta sig á því hvort gólfið hafi verið blautt eða þurrt. Strax eftir óhappið hafi hún ausið salti á gólfið til að eyða ísingunni.

Eitt vitni kveðst hafa séð er M var nærri dottin á gólfinu, en ísing hafi verið á gólfinu umrætt sinn og yfirleitt sé “skítalt” í móttökusalnum, þegar kalt hafi verið í veðri. Einn fyrrverandi starfsmaður F ber að aldrei hafi verið hægt að halda hita í móttökusalnum, þegar frost var úti. Þá ber annar fyrrverandi starfsmaður F að stundum hafi það gerst að gólfið hafi náð að ísa, þegar mjög kalt hafi verið í veðri. Ekkert er haft eftir fyrrsvarsmönnum F um slysið, sem máli skiptir.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi málgögnum verður ekki séð að líkamstjón M megi rekja til vanbúnaðar í húsinu. Ekki verður heldur séð að fyrrsvarsmenn F hafi vitað eða mátt vita um ísingu á gólfinu áður en M rann til á því þannig að þeim hafi borið að gera ráðstafanir til að eyða hálkunni. Verður bótaábyrgð því ekki felld á F vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir.

**Niðurstaða.**

F ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 15. desember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.